

á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, 178 með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar. 2. sept.

### 36. gr.

Ef ágreiningur verður milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér ekki saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að, ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð um sparisjóði frá 15. febr. 1942 og önnur gildandi fyrir-mæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því, sem ábótavant er.

### 37. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

### 38. gr.

Samþykktir þessar, sem gerðar eru á aðalfundi sparisjóðsins 17. maí 1943, ganga í gildi, er þær hafa hlotið staðfestingu viðskiptamálaráðuneytisins og falla þá jafn-fram úr gildi „Endurskoðuð lög fyrir Sparisjóð Dalasýslu“ frá 1. júlí 1914.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 2. september 1943.*

**Björn Ólafsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

## REGLUR

179

um breyting á reglum um störf kjötmatsmanna, nr. 82 10. ágúst 1933.

3. sept.

### 1. gr.

7. gr. reglnanna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem selja á innanlands í kjötbúðum og öðrum opinberum sölu-stöðum, skal metið, flokkað og merkt sem hér segir:

- a. Dilkakjöt, sem selja á nýtt eða frosið, skal skoðað af lækni, merkt og metið gæðamati af kjötmatsmanni eftir sömu reglum sem gilda um freðkjöt til útflutnings, sbr. 10. gr. Undanþegið þessum ákvæðum skal þó það kjöt, sem selt er á sumarmarkaði. Enn fremur getur ráðuneytið veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, að fengnum tillögum hlutaðeigandi yfirkjötmatsmanns og kjötverðlagsnefndar.

Stórhöggvið, saltað dilkakjöt skal flokkað og merkt eftir sömu reglum sem gilda um saltkjöt til útflutnings.

Spaðsaltað dilkakjöt skal flokkað og tunnur merktar á þessa leið: Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega 12 kg og þar yfir, skal merkja:

#### SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT A

Tunnur með dilkakjöti, þegar skrokkarnir vega undir 12 kg, skal merkja:

#### SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT B

Heimilt er að meta sérstaklega holdgóða skrokka, sem vega 14 kg og þar yfir, og merkja tunnurnar:

179

## SPAÐSALTAÐ DILKAKJÖT ÚRVAL

3. sept.

- b. Kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé, sem selja á nýtt, frosið eða saltað, skal flokkað, metið gæðamati og merkt sem hér segir: Kjöt af algeldum ám og sauðum tveggja og þriggja vetra, skal merkja S. I., ef skrokkarnir eru vel holdfylltir og feitir, en S. II., séu þeir rýrari.

Kjöt af geldum ám, sem eru eldri en þriggja vetra, skal merkja G. I., ef skrokkarnir eru vel feitir.

Kjöt af veturgömlu fé skal merkja V. I., ef skrokkarnir eru holdgóðir og vel feitir, en V. II. séu þeir rýrari.

Kjöt af mylkum ám og rýru geldfé skal merkja Æ. I., ef skrokkarnir eru sæmilega goldgóðir, en Æ. II., séu þeir rýrari, teljist þeir söluhæfir til neyzlu.

Kjöt af fullorðnum hrútum, teljist það söluhæft, skal merkt H. I., ef skrokkarnir eru holdgóðir, en H. II., séu þeir lakari. Merkin skal setja á miða, sem bundnir eru við skrokkana, eigi að selja kjötið nýtt eða frosið, en á tunnubotna, ef um saltkjöt er að ræða, og skal þá setja framan við merkin: „Spaðsaltað“ eða „Stórhöggvið“, eftir því sem við á.

Kjötmatsmenn skulu ekki taka í nefnda flokka annað kjöt af fullorðnu og veturgömlu fé en það, sem er vel útlitandi og sæmilega holdgott, en þó skal sérstaklega vanda til flokkanna S. I. og G. I.

Í matsvottorðum sé tilgreind kjötpyngd í hverri tunnu, þegar um saltkjöt er að ræða.

Kjötmatsmenn varðveiti merkiplöturnar og mega ekki aðrir nota þær.

2. gr.

Reglur þessar ganga í gildi þegar í stað.

Reglur þessar staðfestast hér með og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. september 1943.*

Vilhjálmur Þór.

*Vigfús Einarsson.*

180

## SAMPYKKTIR

4. sept.

fyrir Sparisjóð Hofshrepps.

## I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Hofshrepps og skal heimili hans og varnarþing vera Hofsós í Skagafjarðarsýslu.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu vera búsettir í Hofsós- og Fellshreppum, og taka þeir að sér að ábyrgjast skuldbindingar sparisjóðsins með allt að 3000 kr. alls.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 20. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur, til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burðflutning úr lögsagnar-